



Framkvæmdaáætlun SAMAN-hópsins 2018

♥ Markmið

- ♥ Að vinna gegn áhættuhegðun barna og unglunga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum.
- ♥ Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglunga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.
- ♥ Að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og vímuefnum í samfélaginu.
- ♥ Að styrkja og styðja foreldra í uppeldislutverkinu og beina athygli foreldra að ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Leiðir

Til að ná markmiðum sínum nýtir SAMAN-hópurinn sér eftirfarandi leiðir:

- ♥ SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent er á að samkvæmt lögum má hvorki selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus party, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í.
- ♥ Skilaboðunum er komið á framfæri í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum með umræðum, greinaskrifum og auglýsingum.
- ♥ Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allra, hvar sem þeir búa á Íslandi.
- ♥ Í starfi sínu leggur SAMAN-hópurinn m.a. áherslu á að nýta sér rannsóknir á högum barna og unglunga til að móta verkefni og innihald skilaboða til foreldra.
- ♥ Hópurinn er þrýstiafl um samfélagsleg málefni er varða hagsmuni og velferð barna og unglunga.

Fundir

- ♥ SAMAN-hópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði og skiptast fulltrúar á að halda fundina. Sá sem heldur fundinn stýrir honum og sá sem heldur næsta fund skrifar fundargerð. Gestgjafinn fær einnig tækifæri til að kynna það sem er efst á baugi í hans starfi, sveitarfélagi eða samtökum. Fundirnir eru mikilvægur vettvangur til að deila reynslu, hugmyndum og upplýsingum.
- ♥ SAMAN-hópurinn hefur ekki starfsmann heldur skipta fulltrúar með sér verkum, jafnt tímabundnum verkefnum á framkvæmdaáætlun hvers árs sem og föstum verkefnum, s.s. umsjón með fjármálum o.fl. Fyrir hvert verkefni eða átak eru myndaðir minni vinnuhópar sem vinna í umboði hópsins í samráði við aðra fulltrúa og fjárheimildir. Allt útgefið efni sem unnið er af SAMAN-hópnum stendur sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum áhugasömum til boða endurgjaldslaust á vef hópsins www.samanhopurinn.is

Hver vinnuhópur:

- ♥ Ákveður þema, gerir verkefnaáætlun og fjárhagsáætlun
- ♥ Gerir birtingaráætlun, birtir efni hópsins og greinar í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og sem auglýsingar til að vekja athygli á og fylgja málum eftir.
- ♥ Sendir allar greinar sem gerðar eru í nafni SAMAN-hópsins á heimasíðuhóp til birtingar á heimasíðu.
- ♥ Vinnur hugmyndavinnu fyrir veggspjöld, skjáauglýsingar o.s.frv. Sú vinna þarf að eiga sér stað áður en gengið er til samninga við auglýsingastofu.
- ♥ Fær samþykki gjaldkera/hópsins fyrir fjárhagsáætlun.
- ♥ Skilar upplýsingum um fjárhagslegar skuldbindingar hópsins til gjaldkera, upphæð reikninga.
- ♥ Gerir samantekt um starf hópsins sem birtist í árskýrslu.

Verkefnaáætlun 2018

1. Útivistartíminn

Markmiðið er að kynna lögboðinn útivistartíma á sem víðtækastan hátt á haustin. Markhópur eru sveitarfélög, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar um land allt. Sveitarfélögum stendur til boða að kaupa segla með útivistarreglum á kostnaðarverði til að dreifa á heimili barna. Veggspjöld eru sett upp í strætóstanda Reykjavíkurborgar og áætlað er að prenta út veggspjöld og senda til sveitarfélaga og stofnanna. Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðrún Halla Jónsdóttir leiða þetta starf.

Áætlaður kostnaður er 400.000

2. Sumarverkefni

Markmiðið er að koma skilaboðum til foreldra varðandi þær hættur sem steðja að börnum á sumrin, þar sem auknar líkur eru á að áfengi og önnur vímuefni séu höfð um hönd, s.s. í sumarbústaðaferðum, á tónlistarhátíðum og á bæjarhátíðum. Hvatt er til samveru fjölskyldna. Leggja þarf aukna áherslu á að koma skýrum skilaboðum frá hópnum varðandi úti- og bæjarhátíðir og tónlistarhátíðir.

Gunnar Richardson leiðir hópinn en með honum starfa Victor Berg Guðmundsson, Þórhildur Jónsdóttir og Hafþór B. Birgisson.

Áætlaður kostnaður kr. 400.000.

3. Menningarnótt.

Markmiðið er að tryggja að skýr skilaboð komist til allra um að fjölskyldan skemmti sér saman á Menningarnótt. Unnið er með Reykjavíkurborg að verkefninu. Guðrún Halla Jónsdóttir á velferðarsviði Reykjavíkur hefur umsjón með verkefninu og Þórhildur Jónsdóttir hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar starfar með henni.

Áætlaður kostnaður er kr. 500.000.

4. Grunnskólalok - 18 ára ábyrgð.

Foreldrum barna við lok 10. bekkjar eru send skýr skilaboð um áframhaldandi ábyrgð þeirra á börnum sínum við lok náms í grunnskóla. Lögð er áhersla á að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur með að unglingar hefji ekki áfengisneyslu eftir 10. bekk. Rafrænt bréf að vori eru send til foreldra í gegnum grunnskólana. Rafrænn bæklingur og póstkort eru send til foreldra við upphaf skólagöngu að hausti um hvaða breytingum og hættum má búast við við upphaf framhaldsskólagöngu. Ingibjörg Guðmundsdóttir leiðir hópinn og með henni starfa Guðrún Halla Jónsdóttir og Þóra Jónsdóttir.

Áætlaður kostnaður er 600.000

5. Framhaldsskólaforeldrar og 18 ára ábyrgð

Byggt verður á rannsókninni „Samverustundir og viðhorf til áhættuhegðunar. Könnun meðal foreldra/forráðamanna ólögráða framhaldsskólanema“.

- Unnið verður að gerð verða nýrra skilaboða til foreldra grunn- og framhaldsskólanema. Vakin verður athygli á SAMAN-hópnum og hvað hann stendur fyrir. Ætlunin er að nálgast foreldra í gegnum samfélagsmiðla (facebook, snapchat, twitter), með lesnum auglýsingum í útvarpi, í gegnum foreldrafélög, með auglýsingum á strætó, í Fréttablaðinu og fl. Ávallt er lögð áhersla á að skilaboðin ýti undir samveru fjölskyldna.
- Hvatt verður til samstarfs foreldrafélaga og félagsmiðstöðva, hvatt til foreldraröls og sýnileika foreldra. Við mótun verkefna verður ávallt stuðst við nýjustu rannsóknir, m.a. frá Rannsóknnum og greiningu.
- Stuðningur verður við fræðsluerindi sem Heimili og skóli mun standa fyrir ásamt Rannsóknnum og greiningu ætlað foreldrum barna í 8.-10. bekk og fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Rannsóknir hafa sýnt að stuðningur og viðhorf foreldra skipta gríðarlegu máli þegar kemur að forvörnum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu.

Þóra Jónsdóttir leiðir hópinn og með henni starfa Edda Davíðsdóttir og Marta Kristín Hreiðarsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Amanda K. Ólafsdóttir og Heiðrún Janusardóttir.
Áætlaður kostnaður er 1.500.000.

6. Heimasíða og facebooksíða hópsins

Markmið heimasíðunnar er að vera upplýsinga- og gagnabanki Samanhópsins. Heimasíðan var endurnýjuð á árinu 2015. Facebooksíðu SAMAN-hópsins er ætlað að vekja umræðu um málefni sem varða forvarnir og foreldrasamvinnu og vekja athygli á atburðum og rannsóknum. Kostnaður er við rekstur heimasíðunnar og birtingar á facebook. Umsjónarmaður heimasíðu er Victor Berg Guðmundsson og með honum starfa Þórhildur Rafns Jónsdóttir, Sigríður Björk Einarsdóttir og Edda Davíðsdóttir.
Áætlaður kostnaður er 500.000

7. Jóla og áramótaverkefni

Stefnt er á að fá nýja hönnun fyrir jóla- og áramótaverkefni. Verkefnið snýst um að senda skýr skilaboð um gildi samveru um jól og áramót. Verkefnið er birt víða í rafrænum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Marta Kristín Hreiðarsdóttir leiðir hópinn og með henni starfa Gunnar Richardsson og Aðalsteinn Gunnarsson.

Áætlaður kostnaður er 800.000

9. Lagaumhverfi og umsagnir

Verkefnið felst í að miðla til annarra SAMAN-félaga lagabreytingatillögum og umsögnum sem tengjast velferðarmálefnum fjölskyldna, barna og unglinga Salvör Nordal og Þóra Jónsdóttir vinna þetta verkefni.

Kostnaður 0 kr.

10. Ársskýrsla hópsins

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Edda Davíðsdóttir leiða þá vinnu.

11. Talsmenn hópsins

Edda Davíðsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Victor Berg Guðmundsson.

12. Gjaldkeri

Edda Davíðsdóttir Mosfellsbæ.

Kostnaður: kr. 50.000.

Framkvæmdaáætlun, fjáröflun og ársskýrsla

Markmiðið er að vinna eftir skýrum línunum í anda markmiða SAMAN-hópsins sem allir eru sammála um og skal áætlunin liggja fyrir í upphafi hvers árs. Fjáröflun skal vera í anda þeirra verkefna sem eru á áætluninni hverju sinni. Rekstur SAMAN hópsins byggir á styrkjum frá sveitarfélögum og sjóðum er leggja áherslu á forvarnir og samfélagsábyrgð. Ef illa gengur að afla tekna munu verkefnin minnka eða hætt verður við þau. Edda Davíðsdóttir leiðir verkefnið en með henni starfa Freyja Þöll Smáradóttir, Þóra Jónsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Skoðunarmenn reikninga Aðalsteinn Gunnarsson og Guðbjörg Magnúsdóttir Hafnarfjarðarbæ.

Markmiðið er að tekjur hópsins séu hið minnsta 4.750.000 kr. til þess að hægt sé að framkvæma öll verkefni samkvæmt framkvæmdaráætlun.

